

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Hvalfjarðarsveit.

1. gr.

Hvalfjarðarsveit annast meðhöndlun úrgangs (sorphreinsun/-eyðingu) í sveitarfélaginu samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar, laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og reglugerðum settum með stoð í þeim lögum. Sorphirðan fer fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar og er háð eftirliti heilbrigðisnefndar.

Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd sorphreinsunar og móttöku annars úrgangs, svo sem móttöku brotajárns og landbúnaðarplasts, svo og spilliefna. Þeir aðilar skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar eftir því sem við á.

2. gr.

Eigendur íbúða fá afhenta 360 l tunnu fyrir heimilisúrgang (sorp). Tunnan verður losuð á 10 daga fresti. Eigendur sumarbústaða og hjólhýsa sem notuð eru sem sumarbústaðir skulu sjálf sjá um að koma heimilisúrgangi frá sér í gáma eða ker sem sveitarfélagið tekur á leigu og sér um að losa eftir þörfum.

Húsráðandi getur beðið um að ílátum sé fjölgað og greiðir þá aukagjald sem af fjölgun hlýst, en fjöldi ílata skal ekki svo takmarkaður að þau yfirfyllist.

Í sorpgáma og sorptunnur má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. venjulegan heimilisúrgang.

Óheimilt er að setja í gámana, kerin eða tunnurnar mold, grjót, byggingarúrgang, garðagróður, gróðurleifar o.þ.h., glóð eða heita ösku. Þess konar úrgang skal koma með á afmarkað svæði í þar til gerða gáma eða á viðurkenndan móttökustað samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar. Spilliefnum skal skila á viðurkenndan móttökustað.

3. gr.

Sérhverjum húsráðanda er skylt að nota þau ílát og þær aðferðir sem sveitarstjórn ákveður. Sorpgeymslur og gámasvæði skulu vera aðgengileg.

Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda ávallt greiðfærri leið að þeim.

Gámar sem almenningur á aðgang að skulu staðsettir á aðgengilegum stöðum.

4. gr.

Sveitarstjórn ákveður tíðni sorphreinsunar. Ákvörðun um tíðni skal tilkynnt íbúum og fyrirtækjum sveitarfélagsins, svo og ef um breytingar er að ræða, með hæfilegum fyrirvara.

5. gr.

Sveitarstjórn skal innheimta gjald fyrir meðhöndlun og förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 11. gr. laga nr. 55/2003. Gjaldið skal lagt á og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 og 25. gr. laga nr. 7/1998, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri til heilbrigðiseftirlits eða sveitarstjóra.

7. gr.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang og sorp á víðavangi, götum, gangstígum eða fjörum í sveitarfélaginu. Sama á við um númerslausa bíla, vélar og önnur tæki.

8. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum og 24. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

9. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 5. júní 2008.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.